



19. október 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 239. mál á 154. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) fagna fram komnu frumvarpi um mannréttindastofnun en þess hefur lengi verið beðið, enda er nauðsynlegt að koma slíkri stofnun á fót til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Aðkoma HH að mannréttindamálum snýr aðallega að rétti til viðunandi húsnæðis og lífsskilyrða samkvæmt ýmsum mannréttinasáttmálum,¹ en einnig að nokkru leyti að rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstólum.²

Hlutverk mannréttindastofnunar

Með 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um hlutverk Mannréttindastofnunar Íslands en þar er sérstaklega tekið fram að stofnunin sé ekki úrskurðaraðili og samkvæmt skýringum í greinargerð er ekki gert ráð fyrir að stofnunin taki til meðferðar kvartanir frá einstaklingum. Af umfjöllun í greinargerð má ráða að þetta sé í samræmi við það sem á við um sambærilegar stofnanir á hinum Norðurlöndunum. HH vilja í þessu sambandi leggja til að stofnuninni verði engu að síður heimilt að taka við ábendingum og geti að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar, sem geti lyktað með því stofnunin láti í ljós álit eða beint ábendingum til hlutaðeigandi aðila eftir því sem við á, líkt og umboðsmaður Alþingis getur gert samkvæmt 5. gr. sbr. 10. gr. laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997. Þó að slík álit séu ekki bindandi geta þau haft talsvert vægi og stuðlað að úrbótum á ýmsu sem betur mætti fara.

Leiðbeiningarskylda og kæruleiðir

Einnig er í 2. gr. kveðið á um að stofnunin hafi það hlutverk að veita einstaklingum sem til hennar leita leiðbeiningar, ráðgjöf og aðstoð á sviði mannréttinda, s.s. með því að leiðbeina um innlendar og alþjóðlegar kæruleiðir. HH vilja í því sambandi benda á að alþjóðlegar kæruleiðir eru jafnan háðar því skilyrði að hlutaðeigandi ríki hafi fullgilt viðauka eða valfrjálsa bókun við þann mannréttinasamning sem um ræðir, þar sem er sérstaklega kveðið á um slíka kæruleið. Gott dæmi um slíkt er valfrjáls bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sem var fullgilt af hálfu Íslands samhliða samningnum sjálfum árið 1979. Með því var Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gert kleift að veita móttöku og athuga erindi frá einstaklingum á Íslandi sem halda því fram að þeir hafi orðið fyrir skerðingu á einhverjum þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Reynslan hefur sýnt að slík úrræði geta verið þýðingarmikil til að þrýsta á um raunhæfa vernd mannréttinda.

¹ Sbr. 16. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

² Sbr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.


HH og önnur samtök hafa löngum beitt sér fyrir því að sambærilegar bókanir og viðaukar við ýmsa alþjóðlega sáttmála verði fullgiltar af hálfu Íslands. Þar á meðal ber helst að nefna valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, en fyrir tilstilli HH var lögð fram þingsályktunartillaga þar að lútandi árið 2017 sem hefur síðan þá verið endurflutt sex sinnum, síðast á yfirstandandi þingi,³ en ekki enn hlotið brautargengi. Einnig má nefna sambærilegar bókanir við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ásamt viðauka við félagsmálasáttmála Evrópu frá 1995 sem veitir félagasamtökum rétt til þess að leggja fram kærur vegna brota á sáttmálanum. HH hvetja til þess að um leið og Mannréttindastofnun Íslands hefur verið komið á fót verði ráðist í að fullgilda þessar bókanir og viðauka við hina umræddu sáttmála, svo að einstaklingar og samtök hér á landi fái aðgang að viðkomandi kæruleiðum.

Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila

Með 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um skipan og hlutverk ráðgjafarnefndar hagsmunaaðila sem skuli vera skipuð a.m.k. tólf einstaklingum sem endurspegli sem fjölbreyttastan hóp hagsmunaaðila og styðji Mannréttindastofnun Íslands í störfum sínum með ráðgjöf, upplýsingagjöf og umsögnum eftir því sem þörf krefur. Auglýsa skuli opinberlega eftir fulltrúum í nefndina en þó skuli átta samtök og stofnanir sem þar eru talin upp, ávallt eiga fulltrúa í henni. HH gera engar sérstakar athugasemdir við þá upptalningu, en vilja þó benda á að þar á meðal er enginn aðili sem hefur lagt sérstaka áherslu á réttindi heimilanna á sviði húsnæðismála. Þá má velja því upp hvort heppilegt sé að slík upptalning, sem getur varla talist tæmandi, verði bundin föst í lög. Að þessu sögðu munu HH vafalaust taka því tækifæri fagnandi að gefast kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina þegar auglýst verður eftir slíkum tilnefningum eins og er fyrirhugað samkvæmt frumvarpsákvæðinu.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

³ Þskj. 309 - 305. mál á 154. löggjafarþingi. - Sjá einnig til hliðsjónar umsagnir HH um mál nr. S-161/2020, mál nr. S-162/2020, mál nr. S-97/2021, mál nr. S-134/2021 og mál nr. S-110/2023 í samráðsgátt stjórnvalda.